



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Aukið framlag til leikskólans Sælukots

Á 144. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var þann 25. september 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. ágúst 2018, um beiðni Sælukots um aukið framlag vegna 20 reykvískra barna og beiðni Sælukots, dags. 7. maí 2018, um aukið framlag vegna 20 reykvískra barna:

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til Sælukots verði breytt með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna geti orðið 59 í stað 39 frá 1. október 2018. Sviðsstjóra er falið að gera samninga við Sælukot vegna framlagsins.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs með sex atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata, Sjálfstæðisflokksins og Flokks fólksins. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Vinstri grænna sat hjá.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata

Minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. ágúst 2018

Beiðni Sælukots, dags. 7. maí 2018, um aukið framlag vegna 20 reykvískra barna:

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til Sælukots verði breytt með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna geti orðið 59 í stað 39 frá 1. október 2018. Sviðsstjóra er falið að gera samninga við Sælukot vegna framlagsins.



Reykjavík, 30. ágúst 2018
SFS2015060229
143. fundur
HG/ehp

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Beiðni Sælukots um aukið framlag vegna 20 reykvískra barna

Með tölvuskeyti, dags. 7. maí 2018, fer Guðríður Pétursdóttur, leikskólastjóri leikskólans Sælukots, fram á að greitt verði framlag með 20 reykvískum börnum til viðbótar við þau 39 sem heimilt hefur verið að greiða framlag vegna.

Viðbygging við leikskólann Sælukot var tekin í notkun árið 2015 og þann 12. ágúst 2015 var nýtt rekstrarleyfi gefið út fyrir 72 börn samtímis í leikskólanum. Á þeim tíma var einnig sótt um aukið framlag með fleiri reykvískum börnum en þeim 39 sem nú er greitt með. Þeirri beiðni var synjað, m.a. vegna þess að við leikskólann starfaði ekki leikskólastjóri með leikskólakennaramenntun, eins og lög gera ráð fyrir. Guðríður Pétursdóttir var stuttu síðar ráðin leikskólastjóri við leikskólann, en hún uppfyllir skilyrði laga varðandi menntun leikskólastjóra. Leikskólinn hefur farið í gegnum ytra mat og sinnt þeim umbótaþáttum sem þar komu fram.

Áætlaður kostnaður við aukið framlag með 20 börnum er 3,3 milljónir á mánuði eða 36,3 milljónir á ári.

Áætlaður kostnaður árið 2018 miðað við breytingu frá 1.október 2018 yrði þá 9,9 m.kr.

Ekki er gert ráð fyrir auknu framlagi til Sælukots í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna ársins 2018.

Til skóla og frístunda sviðs Reykjavíkurborgar

Beiðni um framlag með 20 reykvískum börnum sem Leikskólinn Sælukot hyggst bæta við barnahópinn.

Leikskólinn Sælukot hefur ætíð mætt velvild og skilningi Borgarinnar. Leikskólanum var veitt rekstarleyfi fyrir stækkun leikskólans haustið 2015. Nú þegar glæsileg 200 fermetra nýbygging hefur verið tekin í notkun er brýnt að fá aukið framlag svo hægt sé að taka inn fleiri börn. Um leið og Leikskólinn Sælukot þakkar traust og farsælt samstarf sækir hann hér með formlega um framlag vegna þeirra barna sem nú munu bætast við, alls 20 börn.

Kveðja

Guðríður Pétursdóttir

Leikskólastjóri